



Reykjavík, 3. september 2020

R20080076

6631

bb

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Furugerði 23 - deiliskipulag - auglýsing***

Á fundi borgarstjórnar þann 1. september 2020 var 1. liður fundargerðar borgarráðs frá 20. ágúst um auglýsingu á deiliskipulagi fyrir Furugerði 23 samþykktur með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisfloksins, Miðfloksins og Flokks fólksins.  
Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Miðfloksins lagði fram svohljóðandi bókun undir 1. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. ágúst:

Nú á að fara aftur í auglýsingu á þessari lóð vegna mistaka hjá Reykjavíkurborg sem er frábært fyrir þá aðila sem eru mótfallnir skipulaginu og þarf að byrja allt ferlið upp á nýtt. Íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis lýsti yfir miklum áhyggjum vegna málsins. Íbúar eru hræddir um skemmdir á húsum sínum þegar farið verður að sprengja fyrir bílakjallara því grunnt er niður á klöpp. Einnig hafa íbúar miklar áhyggjur af skorti á bílastæðum og hljóðvist. Íbúaráðið benti á fleiri þætti, s.s að takmarkað pláss er fyrir gangstéttir og að þróngt verði um bíla. Aðal áhyggjur íbúaráðsins eru þó þær að byggingamagnið á reitnum er allt of mikið og stendur til að margfalda það miðað við fyrirliggjandi aðalskipulag. Íbúaráðið bendir á að „í B-hluta aðalskipulags 2010-2030 kemur fram um þennan reit: „ÍB33 Gerði-vestur. Svæðið er að mestu fullbyggt og fastmótað. Möguleiki er á lítilsháttar þéttingu íbúðarbyggðar (4-6 íbúðir) við Furugerði, næst Bústaðavegi (Gróðrarstöðin Grænahlíð).“ Núverandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 4-6 íbúðum, en í breytingartillögum er því haldið fram að heimild sé fyrir 49 íbúðum og að stefnt sé að byggingu 32 íbúða.“ Þessi tillaga kemur algjörlega aftan að íbúum á þessu svæði og vinnubrögð borgarinnar eru forkastanleg.

Helga Björk Laxdal  
e.u.